

# Orkuveita Reykjavíkur

---

Samstæðuársreikningur

---

**2006**

---

Orkuveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík  
kt. 551298-3029

# Orkuveita Reykjavíkur

---

Samstæðuársreikningur

---

2006

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma samtæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja og greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits fyrirtækisins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 7. mars 2007

  
**Deloitte hf.**  
Páll Grétar Steingrímsson  
endurskoðandi

  
Hólmgrímur Bjarnason  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og gagnaflutningskerfi á þjónustusvæði sínu auk fráveitu frá og með 1. janúar 2006.


Tap af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2006 nam 1.756 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir fyrirtækisins 137.289 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok ársins er 66.671 milljónir króna og er eiginfjárlutfall fyrirtækisins 48,56%.

Í upphafi ársins voru eigendur fjórir en með sameiningu Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar eru eigendur þrír í lok ársins, en þeir eru Reykjavíkurborg með 93,539% eignarhlut, Akraneskaupstaður með 5,528% eignarhlut og Borgarbyggð með 0,933% eignarhlut.

Að álit stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu fyrirtækisins í lok ársins, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2007

## Í stjórn

  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
stjórnarformaður

  
Björn Ingi Hrafnsson

  
Gunnar Sigurðsson

  
Haukur Leósson

  
Sigrún Elsa Smáradóttir

  
Svandís Svavarsdóttir

## Forstjóri

  
Guðmundur Þóróddsson

# Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrartekjur .....	3	18.101.008	14.727.969
Orkukaup .....		(3.424.548)	(3.123.828)
Laun og tengd gjöld .....	5	(2.977.031)	(2.444.404)
Annar rekstrarkostnaður .....		(3.163.008)	(2.619.551)
Afskriftir .....	10	(4.573.031)	(3.236.538)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>3.963.391</b>	<b>3.303.648</b>
Fjármunatekjur .....	6	1.077.109	307.363
Fjármagnsgjöld .....	7	(10.543.462)	759.293
Hagnaður (tap) fyrir skatta .....		(5.502.963)	4.370.304
Tekjuskattur .....	8, 20	3.778.508	0
Hagnaður (tap) fyrir hlutdeild minnihluta .....		(1.724.454)	4.370.304
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfyrirtækja .....		(31.466)	(11.629)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<b>(1.755.920)</b>	<b>4.358.674</b>

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	130.290.766	83.487.814
Óefnislegar eignir .....	11	0	68.712
Fjárfestingaverðbréf .....	13	350.848	725.633
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....	14	95.212	152.389
Reiknuð skattinneign .....	20	2.413.578	0
		<u>133.150.404</u>	<u>84.434.548</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	15	675.465	540.030
Viðskiptakröfur .....	16	2.758.261	2.250.872
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....	14	41.310	27.921
Aðrar skammtímakröfur .....	16	410.459	157.811
Handbært fé .....		253.171	627.544
		<u>4.138.666</u>	<u>3.604.179</u>
<b>Eignir</b>		<u>137.289.070</u>	<u>88.038.727</u>

## 31. desember 2006

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Eigið fé</b>			
Sérstakur endurmatsreikningur .....		8.731.162	0
Óráðstafað eigið fé .....		57.823.705	48.213.085
Eigið fé meirihlutaeigenda .....	17	66.554.866	48.213.085
Hlutdeild minnihluta .....		115.896	84.541
Eigið fé		<u>66.670.762</u>	<u>48.297.626</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Langtímalán .....	18	61.265.044	34.754.726
Lífeyrisskuldbinding .....	19	350.859	269.784
		<u>61.615.903</u>	<u>35.024.510</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.338.077	1.504.861
Skuldir við lánastofnanir .....		660.000	429.499
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	21	5.123.759	2.360.293
Aðrar skammtímaskuldir .....	21	880.569	421.937
		<u>9.002.405</u>	<u>4.716.590</u>
Skuldir		<u>70.618.308</u>	<u>39.741.101</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>137.289.070</u></u>	<u><u>88.038.727</u></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður .....	3.963.391	3.303.648
Afskriftir .....	4.573.031	3.236.538
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna .....	0	(63.418)
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum .....	81.234	28.267
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>8.617.656</b>	<b>6.505.035</b>
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....	(135.435)	(134.644)
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun .....	(653.167)	(229.817)
Viðskiptaskuldir hækkun (lækkun) .....	479.199	(191.391)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>8.308.253</b>	<b>5.949.183</b>
Innborgaðir vextir og arður .....	178.512	176.801
Greiddir fjármagnsliðir .....	(1.866.826)	(946.096)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>6.619.939</b>	<b>5.179.888</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	(19.786.163)	(11.725.691)
Afborganir skuldabréfa .....	22.745	29.047
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf .....	1.094.425	36.542
	(18.668.993)	(11.660.102)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Greiddur arður .....	(1.462.460)	(1.417.112)
Afborganir langtímaskulda .....	(2.987.221)	(2.725.965)
Nýjar langtímaskuldir .....	15.441.168	11.206.387
Hækkun (lækkun) á skammtímask. við lánastofnanir .....	660.000	(128.264)
	11.651.487	6.935.046
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....	(397.567)	454.833
Handbært fé í upphafi árs .....	627.544	125.713
Breyting vegna dótturfélaga .....	23.194	46.998
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<b>253.171</b>	<b>627.544</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>		
Veltufé frá rekstri .....	6.648.416	5.721.558

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og gagnaflutningskerfi á þjónustusvæði sínu auk fráveitu frá og með 1. janúar 2006 en í upphafi ársins sameinaðist Fráveita Reykjavíkur, Fráveita Akraness, Fráveita Borgarbyggðar og Fráveita Borgarfjarðarsveitar Orkuveitu Reykjavíkur. Samanburðartölum hefur ekki verið breytt vegna þessa.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum fyrirtækisins:

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfyrirtækisins og ársreikninga fyrirtækja sem eru undir stjórn þess (dótturfyrirtæki) á reikningsskiladegi

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfyrirtæki er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfyrirtækjum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptrá eða seldra dótturfyrirtækja á tímabilinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfyrirtækja til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Hlutdeildarfyrirtæki

Hlutdeildarfyrirtæki eru fyrirtæki þar sem móðurfyrirtækið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Eignarhlutar í hlutdeildarfyrirtækjum eru færðir meðal fjárfestingarverðbréfa á kostnaðarverði að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu.

### Áhættustýring

Megin viðfangsefni áhættustýringar fyrirtækisins lúta að erlendum skuldum, vöxtum og í auknu mæli tekjum sem háðar eru heimsmarkaðsverði á áli. Við lántökur hefur Orkuveitan nýtt sveigjanleika um val mynta til að ná hagfelldri samsetningu erlendra skulda og hefur það reynst fullnægjandi til að ná markmiðum um samsetningu erlendra skulda. Orkuveitan hefur gert samninga um framvirk gjaldeyrisviðskipti og í litlu mæli samninga um vaxtaskipti sem hafa það að markmiði að breyta gildandi vaxtaviðmiðum lánasamninga.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Tekjurnar eru skráðar þegar vörur eru afhentar eða þjónustan hefur verið innt af hendi og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 26%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast fyrirtækinu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast fyrirtækinu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

# Skýringar

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að fyrirtækið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Sala

Sala fyrirtækisins greinist þannig eftir starfsþáttum:

	2006	2005
Raforkusala .....	7.865.231	6.643.400
Hitaorkusala .....	5.104.540	4.796.792
Vatnssala .....	1.639.562	1.517.722
Fráveita .....	1.867.702	0
Gagnaflutningur .....	397.029	377.795
Aðrar tekjur .....	1.226.944	1.392.260
	<u>18.101.008</u>	<u>14.727.969</u>

# Skýringar

## 4. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera og framleiðslu og sölu á raforku til stóriðju og smásölu

Nesjavallavirkjun, afkomugreining á framleiðslu á raforku og heitu vatni sbr. 5 mgr. 41.gr. laga nr. 65/2003:

	Raforka 2006	Heitt vatn 2006
Tekjur .....	1.672.936	811.082
Rekstrargjöld .....	(277.610)	(397.453)
Afskriftir .....	(530.714)	(271.526)
Reiknaður fjármagnskostnaður (5,5%) .....	(598.721)	(285.010)
Afkoma	265.891	(142.907)

Framleiðsla og sala á raforku til stóriðju og smásölu

	Stóriðja 2006	Smásala 2006
Rekstrartekjur .....	1.361.784	3.276.404
Heildargjöld .....	(1.268.930)	(3.233.854)
Afkoma .....	92.854	42.550
Afkoma í hlutfalli af rekstrartekjum .....	6,8%	1,3%

Í heildargjöldum er innifalinn rekstrarkostnaður, raforkukaup og framleiðslukostnaður raforku þar með talið afskriftir og reiknaður fjármagnskostnaður 5,5% vegna fjárfestinga.

## 5. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2006	2005
Laun .....	3.033.480	2.486.508
Launatengd gjöld .....	699.593	502.428
Þar af eignfært á framkvæmdir .....	(756.042)	(544.532)
	2.977.031	2.444.404
Fjöldi ársverka .....	626	568

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar, forstjóra og fjögurra framkvæmdastjóra fyrirtækisins á árinu námu um 79 milljónum króna.

## 6. Fjármunatekjur

	2006	2005
Hagnaður af eignarhlutum í fyrirtækjum .....	889.738	122.978
Arðstekjur .....	59.805	12.980
Ábyrgðargjald frá dótturfélögum .....	1.230	0
Niðurfærsla skuldabréfaeignar .....	(32.782)	0
Vaxtatekjur .....	159.118	171.405
	1.077.109	307.363

# Skýringar

## 7. Fjármagnsgjöld

	2006	2005
Gengismunur og framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	(8.220.026)	1.944.895
Fjármagnstekjuskattur .....	(5.571)	(27.018)
Ábyrgðargjald til eigenda .....	(120.920)	(70.913)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(2.196.945)	(1.087.671)
	<u>(10.543.462)</u>	<u>759.293</u>

## 8. Skattamál

Orkuveita Reykjavíkur hefur verið undanþegin tekjuskatti en með lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja er fyrirtækið orðið skattskilyt í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Lögin koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006. Sá hluti starfsemi OR er lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu verður þó áfram undanskilinn tekjuskatti.

Skattalegt verð eigna og skulda fyrirtækisins er ekki það sama og bókfært verð þeirra 1. janúar 2006. Þetta leiðir af sér reiknaða tekjuskattsinneign sem færð var í efnahagsreikning fyrirtækisins þann 1. janúar 2006 að fjárhæð um 2.929 milljónir króna og var mótbókunin í gegnum rekstrarreikninginn.

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 850 milljónum króna auk ofangreindra 2.929 milljóna króna eins og nánar má sjá í skýringu númer 20. Vakin er athygli á því að skattfyrirvöld eiga eftir að samþykkja endanlega hvernig ofangreindir skattar og tekjuskattsinneign er reiknuð, því gætu þessar fjárhæðir breyst eitthvað vegna þess. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2007 vegna rekstrar á árinu 2006 þar sem tekjuskattsstofn fyrirtækisins er neikvæður.

## 9. Arður

Á árinu 2006 var arður greiddur til eigenda. Arðgreiðslan nam 1.462 milljónum króna en á árinu 2005 nam hún 1.417 milljónum króna. Stjórn fyrirtækisins leggur til að greiddar verði 1.530 milljónir króna í arð til eigenda á árinu 2007 vegna rekstrar á árinu 2006.

# Skýringar

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Dreifing	Dreifikerfi hitaveitu	Dreifikerfi rafveitu	Dreifikerfi vatnsveitu
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	21.778.565	23.469.263	15.644.231
Sérstakt endurmat .....	4.731.365	5.478.160	3.661.896
Eignfært á árinu .....	1.396.549	645.694	556.060
Staða í lok ársins	27.906.478	29.593.117	19.862.188
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	9.773.274	11.587.633	7.582.711
Sérstakt endurmat .....	2.182.772	2.772.258	1.812.091
Afskrift ársins .....	490.608	498.088	297.943
Staða í lok ársins	12.446.654	14.857.979	9.692.745
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	12.005.291	11.881.630	8.061.520
Bókfært verð í lok ársins	15.459.824	14.735.137	10.169.443
Afskriftarhlutföll .....	2-15 %	2-20 %	2-20 %

Dreifing	Dreifikerfi fráveitu	Dreifikerfi gagnaveitu	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	4.271.666	65.163.725
Viðbót við samruna .....	37.394.474	0	37.394.474
Sérstakt endurmat .....	5.423.228	0	19.294.649
Eignfært á árinu .....	1.288.892	1.777.153	5.664.348
Staða í lok ársins	44.106.594	6.048.819	127.517.197
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	337.592	29.281.210
Viðbót við samruna .....	16.565.474	0	16.565.474
Sérstakt endurmat .....	2.430.198	0	9.197.319
Afskrift ársins .....	832.261	189.878	2.308.779
Staða í lok ársins	19.827.933	527.470	57.352.782
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	0	3.934.074	35.882.515
Bókfært verð í lok ársins	24.278.661	5.521.349	70.164.415
Afskriftarhlutföll .....	2-6,67 %	4-15 %	

# Skýringar

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Framleiðsla	Framleiðsla heitt vatn	Framleiðsla rafmagn	Framleiðsla kalt vatn	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	33.906.836	24.692.997	3.289.337	61.889.170
Eignfært á árinu .....	5.945.858	7.708.266	187.558	13.841.682
Selt og aflagt á árinu .....	(69.160)			(69.160)
Staða í lok ársins	39.783.534	32.401.263	3.476.895	75.661.692
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	15.820.465	6.655.925	1.420.909	23.897.300
Afskrift ársins .....	794.288	671.254	86.623	1.552.165
Selt og aflagt á árinu .....	(69.160)			(69.160)
Staða í lok ársins	16.545.593	7.327.179	1.507.532	25.380.304
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	18.086.371	18.037.072	1.868.428	37.991.870
Bókfært verð í lok ársins	23.237.941	25.074.084	1.969.363	50.281.388
Afskriftarhlutföll .....	2-20 %	2-4 %	2-4 %	
<b>Aðrar eignir</b>	Fasteignir	Hitaréttindi	Aðrar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	8.239.367	1.955.327	2.752.044	12.946.738
Viðbót vegna nýs dótturfélags .....	174.346			174.346
Eignfært á árinu .....	200.961	125.000	374.603	700.564
Staða í lok ársins	8.614.675	2.080.327	3.126.646	13.821.649
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.230.729	367.778	1.734.803	3.333.309
Afskrift ársins .....	181.822	20.063	441.491	643.376
Staða í lok ársins	1.412.550	387.841	2.176.294	3.976.685
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	7.008.638	1.587.550	1.017.240	9.613.428
Bókfært verð í lok ársins	7.202.124	1.692.486	950.353	9.844.963
Afskriftarhlutföll .....	2-6 %	0-6,7 %	5-33,33 %	
<b>Bókfært verð samantekt</b>	Dreifikerfi	Framleiðsla	Aðrar eignir	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun .....	35.882.515	37.991.870	9.613.428	83.487.814
Bókfært verð í lok ársins	70.164.415	50.281.388	9.844.963	130.290.766
Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:				
Afskriftir dreifikerfa .....				2.308.779
Afskriftir framleiðslu .....				1.552.165
Afskriftir annarra eigna .....				643.376
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....				68.712
				4.573.031

# Skýringar

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og brunabótamat eigna fyrirtækisins í árslok 2006, þar með talið vegna fasteigna sem eignfærðar eru meðal dreifikerfa og eigna framleiðslu, greindist þannig:

	Fasteignamat	Brunabóta- mat
Fasteignir og lóðir .....	16.029.530	14.929.112

Í árslok 2006 var framkvæmt sérstakt endurmat á dreifikerfum hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu að fjárhæð um 10.097 milljónir króna og var mótbókunin að teknu tilliti til tekjuskattskuldbindingar færð á sérstakan endurmatssreikning meðal eigin fjár. Á árinu 2007 mun fyrirtækið fara í sérstakt endurmat á eignum vegna framleiðslunnar.

Á árinu var vaxtakostnaður að fjárhæð 409 milljónir króna eignfærður vegna framkvæmda á Helligshéiði.

## 11. Óefnislegar eignir

	Próunar- kostnaður
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða í ársbyrjun .....	98.311
Staða í lok ársins	98.311
<b>Afskriftir</b>	
Staða í ársbyrjun .....	29.599
Afskrift ársins .....	68.712
Staða í lok ársins	98.311
<b>Bókfært verð</b>	
Bókfært verð í ársbyrjun .....	68.712
Bókfært verð í lok ársins	0

## 12. Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum</b>			
Gagnaveita Reykjavíkur ehf. ....	100,00%	500	Gagnaflutningar
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar(HAB) ...	79,30%		Hitaveita
Hitaveita Rangæinga .....	100,00%		Hitaveita
Hrafnabjargavirkjun .....	60,00%	24.000	Undirbúningsfélag
NCI fjarskipti og orka ehf. ....	100,00%	3.000	Án rekstrar
Úlfjótuvatn frítímabyggð ehf. ....	100,00%	225.000	Undirbúningsfélag

# Skýringar

## 13. Fjárfestingaverðbréf

	2006	2005
Eignarhlutar í öðrum fyrirtækjum .....	350.848	725.633
	<u>350.848</u>	<u>725.633</u>
Staða í ársbyrjun .....	725.633	615.197
Keypt á árinu .....	1.547.352	275.978
Selt á árinu .....	(2.711.875)	(288.521)
Fært á fjárfestingu í dótturfélögum .....	(100.000)	0
Söluhagnaður .....	889.738	122.978
Staða í lok ársins	<u>350.848</u>	<u>725.633</u>

## 14. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	2006	2005
Staða í ársbyrjun .....	180.310	201.714
Nýtt á árinu .....	8.335	0
Innborganir á árinu .....	(31.080)	(29.047)
Verðbætur og niðurfærslur .....	(21.043)	7.644
Staða í lok ársins .....	<u>136.522</u>	<u>180.310</u>
Næsta árs afborgun .....	(41.310)	(27.921)
	<u>95.212</u>	<u>152.389</u>

## 15. Vörubirgðir

	31.12.2006	31.12.2005
Efnisbirgðir .....	675.465	540.030
	<u>675.465</u>	<u>540.030</u>

## 16. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2006	31.12.2005
<b>Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	2.855.511	2.332.122
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(97.250)	(81.250)
	<u>2.758.261</u>	<u>2.250.872</u>
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>		
Virðisaukaskattur .....	373.117	120.321
Fjármagnstekjuskattur .....	11.441	0
Áfallnar vaxtatekjur .....	10.277	8.318
Kröfur á starfsmenn .....	15.382	19.398
Aðrar kröfur .....	243	9.774
	<u>410.459</u>	<u>157.811</u>

# Skýringar

## 17. Eigið fé

	Sérstakur endurmatsr.	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 31.12.2005 .....		48.213.085	48.213.085
Aukning vegna innkomu fráveitna 1. janúar 2006 .....		12.829.000	12.829.000
Sérstakt endurmat fastafjármuna í árslok 2006 .....	8.731.162		8.731.162
Greiddur arður .....		(1.462.460)	(1.462.460)
Hagnaður (tap) ársins .....		(1.755.920)	(1.755.920)
Eigið fé 31.12.2006	8.731.162	57.823.705	66.554.866

## 18. Langtímaskuldir

	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir í CHF .....	13.249.466	7.326.222
Skuldir í EUR .....	17.874.524	7.290.445
Skuldir í GBP .....	4.854.964	2.367.310
Skuldir í JPY .....	6.758.381	3.150.386
Skuldir í SEK .....	4.915.761	3.431.749
Skuldir í USD .....	11.626.976	7.506.164
Skuldir í ISK .....	7.103.132	6.037.303
	66.383.204	37.109.579
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(5.118.159)	(2.354.853)
Langtímaskuldir í lok ársins	61.265.044	34.754.726
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		31.12.2006
Næsta árs afborganir .....		5.118.159
Afborganir 2008 .....		2.103.802
Afborganir 2009 .....		3.295.043
Afborganir 2010 .....		2.421.203
Afborganir 2011 .....		5.291.013
Afborganir síðar .....		48.153.983
		66.383.204

Eigendur fyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum fyrirtækisins.

## 19. Lífeyrisskuldbinding

Á fyrirtækinu hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna að fjárhæð um 356 milljónir króna. Hækkun skuldbindingarinnar, um 81 milljón króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á næsta ári nemur 5,6 milljónum króna og hann er færður meðal skammtímaskulda.

# Skýringar

## 20. Reiknuð tekjuskattsinneign

	Reiknuð skattinneign
Áætluð staða í byrjun árs .....	2.928.999
Viðbót vegna dótturfélaga .....	1.239
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna .....	(1.366.168)
Áætlaður tekjuskattur vegna tekna og gjalda á árinu .....	849.509
Staða í lok ársins	<u>2.413.578</u>

### Reiknuð tekjuskattsinneign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	999.683
Eignarhlutar í félögum .....	(188.588)
Aðrir liðir .....	87.864
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	1.514.619
	<u>2.413.578</u>

### Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

Frá hagnaði árána 2007 - 2016 .....	5.658.057
	<u>5.658.057</u>

## 21. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2006	31.12.2005
Ógreidd opinber gjöld .....	12.676	11.545
Reiknað áfallið orlof og ógreidd laun og launatengd gjöld .....	388.079	213.193
Ógreiddir áfallnir vextir .....	464.002	187.570
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	11.179	0
Aðrar skuldir .....	4.633	9.629
	<u>880.569</u>	<u>421.937</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda	31.12.2006	31.12.2005
Langtímalán .....	5.118.159	2.354.853
Lífeyrisskuldbindingar .....	5.600	5.440
	<u>5.123.759</u>	<u>2.360.293</u>

# Skýringar

## 22. Ábyrgðir og önnur mál

Á reikningsskiladegi hefur fyrirtækið gert margvíslega samninga sem kalla á skuldbindingar af hálfu OR, án þess að þær skuldbindingar séu færðar í efnahagsreikning. Meðal þeirra helstu eru:

Í tengslum við framkvæmdir fyrirtækisins hafa verið gerðir samningar við erlendar bankastofnanir um langtímafjármögnun. Í árslok 2006 átti fyrirtækið eftir að nýta sér 100 milljónir evra af þessum samningum eða um 9,4 milljarða króna. Þá hefur verið gerður samningur við Jarðboranir um boranir á Hellisheiði og Hengilsvæðinu, og er áætlað að framkvæmdir standi frá 2007 til 2009 hið minnsta.

Í tengslum við framangreinda uppbyggingu hefur Orkuveitan ennfremur gert þrjá raforkusölusamninga til 20 ára við Norðurál vegna álversins á Grundartanga, sem og samning við Landsnet hf. um flutning á rafmagninu. Orkuveitan og Alcan á Íslandi hafa gert með sér raforkusölusamning vegna stækkunar álversins í Straumsvík og er gert ráð fyrir að hefja afhendingu orku um mitt árið 2010 frá Hellisheiðarvirkjun. Orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja hf. hafa undirritað viljayfirlýsingu með Norðuráli um raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík, og er stefnt að afhendingu orku fyrir fyrsta áfangann árið 2010. Áætlaðar tekjur vegna langtíma orkusölusamninga fyrir Orkuveituna miðað við spá um þróun á gengi dollars og spá fyrirtækisins CRU um þróun álverðs eru um 240 milljarðar króna.

Á reikningsskiladegi er fyrirtækið með opna framvirka gjaldeyrisskiptasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Áætluð jákvæð staða þessara samninga á reikningsskiladegi er 11 milljónir króna og hefur sú fjárhæð verið færð í ársreikninginn en undirliggjandi fjárhæðir í samningum þessum nema um 3.749 milljónum króna.

Orkuveitan hefur átt í ágreiningi við embætti ríkisskattstjóra vegna greiðsluskyldu fjármagnstekjuskatts og gæti Orkuveitan átt endurkröfurétt vegna þess. Þar sem óvissa ríkir þó um endanlegar lýktir þess máls hefur sú krafa ekki verið færð í ársreikninginn.

Í árslok 2006 stofnaði fyrirtækið dótturfélagið Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. Í upphafi árs 2007 yfirtók Gagnaveita Reykjavíkur ehf. allar eignir, skuldir og rekstur gagnaveitunnar og mun sjá um rekstur hennar frá þeim tíma.

Fyrirtækið hefur hafið undirbúning að innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla við gerð reikningsskila sinna og er stefnt að því að ársuppgjör fyrirtækisins árið 2007 verði gert í samræmi við þá staðla. Ekki liggur fyrir hversu mikil áhrif innleiðingin mun hafa á bókfært eigið fé fyrirtækisins en vísbendingar eru um að verðmæti innbyggðra afleiðna í samningum um sölu á raforku til álvera sem færð verða upp við innleiðinguna séu umtalsverð.

## 23. Kennitölur

	2006	2005	2004
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur .....	47,2%	44,4%	38,9%
Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur .....	21,9%	22,4%	14,6%
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjum .....	36,7%	38,8%	33,1%
Hagnaður ársins / rekstrartekjur .....	-9,7%	29,6%	27,8%
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	8.536.422	6.540.186	5.130.436
Eiginfjárlutfall .....	48,6%	54,9%	56,5%

# Skýringar

## 24. Sjóðstreymisfirlit

	2006	2005	2004	2003	2002
Hagnaður (tap) ársins.....	(1.755.920)	4.358.674	3.670.853	1.279.232	3.005.527
Afskriftir.....	4.572.959	3.236.538	3.205.877	3.552.690	3.385.694
Reiknaðir fjárm.liðir.....	7.339.229	(1.727.154)	(2.518.378)	(1.103.300)	(3.069.604)
Aðrar breytingar.....	(3.507.852)	(146.500)	9.071	1.176	(125.758)
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>6.648.416</b>	<b>5.721.558</b>	<b>4.367.423</b>	<b>3.729.798</b>	<b>3.195.858</b>
Breyting á:					
Rekstrart. eignum.....	(829.173)	(364.793)	(173.031)	118.738	636.090
Rekstrart. skuldum.....	800.696	(176.877)	406.805	(271.315)	(52.885)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>6.619.939</b>	<b>5.179.888</b>	<b>4.601.197</b>	<b>3.577.222</b>	<b>3.779.062</b>